

T I L L A G A

til þingsályktunar um ákvörðun launa og annarra starfskjara biskups Íslands og vígslubiskupa.

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021)

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að forsætisnefnd kirkjuþings ákvarði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Við ákvarðanir þessar skal forsætisnefnd hafa til viðmiðunar þróun launa á almennum vinnumarkaði og umfang starfanna. Einnig skal litið til breytinga á launum presta samkvæmt kjarasamningi milli Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu svo og breytinga á launum opinberra starfsmanna.

Pegar forsætisnefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eða skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir forsætisnefnd.

Forsætisnefnd skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

Greinargerð.

Forsætisnefnd kirkjuþings flytur mál þetta, að höfðu samráði við biskup Íslands og vígslubiskupa Hólaumdæmis og Skálholtsumdæmis.

Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á löggjöf um kirkjuna, hefur ábyrgð á starfsmannamálum hennar, þ.m.t. launamálum starfsfólks Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, færst til kirkjuþings. Allt starfsfólk stofunnar, þ.m.t. prestar og prófastar, taka nú laun samkvæmt kjarasamningum sem viðkomandi stéttarfélög gera við Þjóðkirkjuna – Biskupsstofu.

Áður voru launaákvarðanir vegna, biskups Íslands, vígslubiskupa, prófaste og presta á hendi kjararáðs, en ráðið var lagt niður 1. júlí 2018 með lögum um brottfall laga um kjararáð nr. 60/2018. Þá stóðu enn yfir viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun á kirkjujarðasamkomulaginu frá 10. janúar 1997. Í tilefni af niðurlagningu kjararáðs voru sett lög um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum (launafyrirkomulag), nr. 79/2019. Í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum var svofellt ákvæði um vígða þjóna kirkjunnar: „Þrátt fyrir 1. mgr. ákvæðis þessa og 4. mgr. 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, skulu laun og starfskjör

biskups, vígslubiskupa, prófasta og presta Þjóðkirkjunnar, sem ákveðin voru með ákvörðun kjararáðs 17. desember 2017, taka breytingum 1. júlí 2019 og ár hvert þar á eftir, í samræmi við hlutfallslega breytingu á reglulegum meðallaunum ríkisstarfsmanna eins og þau birtast í tölum Hagstofu Íslands fyrir næstliðið almanaksár, þar til nýtt samkomulag hefur náðst milli Þjóðkirkjunnar og ríkisins um launafyrirkomulag.“ Þetta ákvæði féll brott með svonefndum viðbótarsamningi ríkis og kirkju frá 6. september 2019. Eigi að síður var ákveðið að styðjast við þessi viðmið áfram, a.m.k. á árinu 2020, uns kjarasamningar tækjust milli Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu og Prestafélags Íslands.

Kjarasamningur var staðfestur á aukakirkjuþingi 2021. Var þar m.a. samið um launahækkun frá og með 1. mars 2021, auk þess sem gert er ráð fyrir launahækkun 1. apríl 2022. Kjarasamningar þessir taka ekki til launa biskups Íslands og vígslubiskupa. Er lagt til að forsætisnefnd ákvarði laun biskupanna. Forsætisnefnd kirkjuþings mun þá gegna svipuðu hlutverki að þessu leyti gagnvart biskupum og kjararáð ríkisins gerði áður.

Lagt er til að launabreytingar biskups og vígslubiskupa í framtíðinni fylgi þróun launa á almennum vinnumarkaði svo og þeim launabreytingum sem samið kann að verða um í kjarasamningum Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu og Prestafélags Íslands og skal einnig litið til breytinga á launum opinberra starfsmanna. Þá er lagt til að við undirbúning ákvarðana um laun þeirra og önnur kjör afli nefndin sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga til að tryggja fagleg vinnubrögð og að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar.

Forsætisnefnd mun ávallt geta endurskoðað ákvörðun sína ef forsendur ákvörðunar breytast t.d. með breytttri ábyrgð eða verkefnum biskupanna og skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa. Mikilvægt þykir að nefndin hafi svigrúm til að ákvarða að öðru leyti hvernig málsmeðferð við undirbúning ákvörðunar verður háttað.